

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1971

Nr. 102.

392

31. desember 1971.

FORSETAÚRSKURÐUR um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Íslenzkar sendiráðsskrifstofur skulu unz nánar verður ákveðið vera í höfuðborgum Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Bandaríkja Ameríku, Belgíu, Bretlands, Frakklands, Sovétríkjanna og Sambandslýðveldisins Þýskalands. Enn fremur skulu vera fastanefndarskrifstofur í New York og Genf.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Einar Ágústsson.